EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3411

Rekstraraðili Kaldvík hf. kt: 5204120930	**Tegund starfsemi** Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera	**Starfsleyfisnúmer:** UST202001-200 **Gildistími starfsleyfis** 17. mars 2038
Starfsstöð Stöðvarfjörður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 15. september 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0493	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu**

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Sandra Eiðsdóttir Sara Atladóttir	

Niðurstaða eftirlits

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. 2) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. 3) Ársyfirliti fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026. 4) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit fór fram hjá Kaldvík, Stöðvarfirði 15. september 2026. Um er að ræða sjókvíaeldi, starfsleyfið tekur til eldis á ófrjóum laxfiskum í Stöðvarfirði. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 7.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
3. Umgengni og aðkoma kvíar

1. Síðasta eftirlit var árið 2023 fyrir árið 2022. Engin opin frávik voru frá því eftirliti.

2. Svæðið hefur ekki enn þá verið tekið í notkun. Rekstraraðili var minntur á að þó að svæðið sé ekki tekið í notkun þá þarf að skila inn núllskýrslum fyrir ársyfirlitið og umhverfisupplýsingar. Farið var yfir árið 2024 og 2025 á fundinum. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávik. Þeim var skilað inn 12. október 2026 og er frávikinu því lokað. Umhverfisupplýsingum vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávik. Þeim var skilað inn 12. október 2026 og er frávikinu því lokað. Ársyfirliti vegna ársins 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 og er það því frávik. Því var skilað inn 6. október 2026 og er frávikinu því lokað. Umhverfisupplýsingum vegna ársins 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026 og er það því frávik. Þeim var skilað inn 6. október 2026 og er frávikinu því lokað.

3. Þar sem svæðið hefur ekki verið tekið í notkun var ekki hægt að fara út á kvíar eða pramma þar sem það er ekki uppsett. Eftirlitsaðili keyrði til Stöðvarfjarðar til að staðfesta að starfsemi væri ekki hafin.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Núllskýrslu fyrir ársyfirlit fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað inn 12. október 2026 og er fráviki því lokað.*	Lokað

gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Núllskýrslu vegna umhverfisupplýsinga fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 12. október 2026 og er fráviki því lokað.*	Lokað
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Núllskýrslu fyrir ársyfirlit fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026. Ársyfirliti var skilað inn 6. október 2026 og er fráviki því lokað.*	Lokað
gr. 4.3 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Núllskýrslu fyrir umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2026. Umhverfisupplýsingum var skilað inn 6. október 2026 og er frávikinu því lokað.*	Lokað

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.